FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Fréttabréf
stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Blaðsíða 2
Aðalfundur Framsýnar

Blaðsíða 7
Aðalfundur STH

Blaðsíða 11
Formaður fagnar 30 ára starfsafmæli

2. tbl. 35. árgangur • júní 2024

Aðalfundur Framsýnar 2024

-Í fréttum er þetta helst-

Forsíða

Sunna Torfadóttir hefur verið virk í störfum Framsýnar stéttarfélags. Hún er formaður Framsýnarung auk þess að sitja í trúnaðarráði félagsins. Þá er hún einnig trúnaðarmaður starfsmanna á Leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík. Hér er hún ásamt syni sínum, Unnari Hrafni Hlynssyni, á trúnaðarmannanámskeiði sem stéttarfélögin stóðu fyrir í mars. Unnar Hrafn er án efa framtíðar verkalýðsforingi.

ÚTGEFENDUR
Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI
464 6600

NETFANG
kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA
www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR
Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf
Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 18. júní 2024

UPPLAG
1000

PRENTUN
Héraðsprent

Félagsmenn yfir þrjú þúsund

Félagsmenn Framsýnar stéttarfélags voru samtals 3.319 þann 31. desember 2023, það er greiðandi og gjaldfrjálsir félagsmenn. Félagsmönnum heldur áfram að fjölga milli ára enda starfið einstaklega öflugt. Af þeim sem greiddu félagsgjald til Framsýnar á síðasta ári voru 1.927 karlar og 1.181 konur, sem skiptist þannig að konur eru 38% og karlar 62% félagsmanna. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 311, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði. Á hverjum tíma falla um 10% félagsmanna undir þessa skilgreiningu.

Norðurþing á toppnum

Sveitarfélagið Norðurþing greiddi mest allra atvinnurekenda í iðgjöld til Framsýnar árið 2023. Árið 2022 greiddi PCC BakkiSilicon hf. hins vegar mest allra fyrirtækja til Framsýnar. Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og lögbundin iðgjöld atvinnurekenda í sjóði Framsýnar og í starfsmenntasjóði atvinnulífsins. Stærstu greiðendur iðgjalda til Framsýnar 2023 eftir röð:

Sveitarfélagið Norðurþing
PCC BakkiSilicon hf.
Þingeyjarsveit
GPG. Seafood ehf.
Ríkissjóður Íslands
Íslandshótel hf.
Norðlenska matarborðið ehf.
Samherji fiskeldi ehf.
Eimskip ehf.
Norðursigling hf.

Reksturinn til mikillar fyrirmyndar

Fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2023. Rekstrarafgangur var af öllum sjóðum félagsins nema fræðslusjóði sem þarf ekki að koma á óvart enda ekki með fastann tekjustofn. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 417,2 milljónum sem er hækkun um 21% milli ára. Þessi hækkun skýrist af hærri iðgjaldatekjum og að auki leiðréttingu á sjúkrasjóði frá 2020. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 359,8 milljónum 2023 á móti kr. 295,1 milljónum á árinu 2022 sem er hækkun upp á um 22%. Rekstrargjöld hækka um 8,54% á milli ára en þau námu kr. 269,4 milljónum 2023. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði er stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar ásamt launum og launatengdum gjöldum. Fjármagnstekjur námu kr. 152,5 milljónum en voru 128 milljónir á árinu 2022. Heildareignir félagsins námu kr. 2.970 milljónum í árslok 2023 samanborið við kr. 2.659

milljónir í árslok 2022. Útistandandi iðgjöld í lok árs 2023 voru kr. 64,1 milljón samanborið við kr. 37,1 milljón í árslok 2022. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af leiðréttingu á iðgjöldum sjúkrasjóðs frá 2020 sem var útistandandi um áramót.

Verulegar upphæðir greiddar til félagsmanna
Á árinu 2023 voru 1.389 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði félagsins til félagsmanna. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 96.443.425,-. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 93.031.180,-. Samkvæmt þessari niðurstöðu er óveruleg hækkun á styrkjum úr sjóðnum milli ára. Árið á undan var hún hins vegar um 55% sem telst veruleg hækkun.

Vinnustaðaeftirlitið öflugt
Framsýn og Þingiðn hafa frá árinu 2016 rekið saman öflugt vinnustaðaeftirlit á félagssvæðinu. Tveir starfsmenn félaganna sinna starfinu í hlutastörfum með öðrum störfum á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þannig vilja stéttarfélögin halda úti öflugu vinnustaðaeftirliti í fullu samráði við Alþýðusamband Íslands og helstu eftirlitsaðila í Þingeyjarsýslum. Mikið hefur verið lagt upp úr góðu samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir. Í því sambandi hafa stéttarfélögin átt gott samstarf við Vinnueftirlitið. Félagið hefur hins vegar kallað eftir því að aðrar eftirlitsstofnanir verði virkari í vinnustaðaeftirliti s.s. Vinnumálastofnun og ríkisskattstjóri. Rétt er að taka fram að Landamæraeftirlit lögreglunnar á Norðurlandi eystra hefur kallað eftir góðu samstarfi við stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum.

Framsýn byggir orlofsíbúð
Um þessar mundir er í byggingu parhús á vegum Framsýnar og Þingiðnar að Hraunholti 26-28 á Húsavík sem verður tilbúið til leigu fyrir félagsmenn 1. ágúst 2024. Mikil ánægja er með þessa ákvörðun félaganna, það er að auka framboð á orlofsíbúðum fyrir félagsmenn. Innan Framsýnar eru 3.319 félagsmenn, tæplega 2.000 þeirra búa utan Húsavíkur sem fá núna aðgengi að orlofsíbúð á Húsavík. Til stendur að félagsmenn hafi aðgengi að íbúðinni auk þess sem til greina kemur að hafa makaskipti á henni og íbúð/orlofshúsi í eigu annarra stéttarfélaga í öðrum landshlutum hluta úr ári.

Greitt með orlofsdvöl í orlofshúsum
Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótelum á vegum félagsins. Veruleg ásókn er í orlofshúsin en félagið niðurgreiðir orlofsdvöl félagsmanna í orlofsíbúðum/húsum sem auðveldar fólki að njóta orlofsdvalar með fjölskyldum sínum á Íslandi.

Tjaldstæðisstyrkir í boði
Alls fengu 70 félagsmenn endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum eða alls kr. 1.527.830,-. Árið áður fengu 86 félagsmenn þessa styrki, samtals kr. 1.441.806,-.

24 milljónir í námsstyrki
Á árinu 2023 fengu 382 félagsmenn greiddar kr. 24.194.125,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Þá má geta þess að félagið leggur mikið upp úr heimsóknum í skóla með fræðslu um starfsemi stéttarfélaga og vinnumarkaðinn, það er í vinnuskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á félagssvæðinu. Þó nokkuð er um að fyrirtæki og stofnanir leiti til Framsýnar eftir fræðslu fyrir starfsmenn sem tengist réttindum og skyldum þeirra á vinnumarkaði sem er afar ánægjulegt. Þá eru starfsmenn stéttarfélaganna reglulega beðnir um að kenna á námskeiðum er tengjast vinnurétti.

Troðfullt á samstöðufundi á Húsavík
Þann 24. október 2023 boðuðu á fjórða tug samtaka til kvennaverkfalls og skipulagðir voru baráttufundir kvenna og kvára víða um land. Meðal þeirra sem stóðu að skipulagningunni voru ASÍ, BSRB og BHM ásamt fjölda

samtaka kvenna og hinsegin fólks. Framsýn, Þingiðn og STH stigu fram með stuttum fyrirvara og stóðu fyrir samstöðufundum á Húsavík og Raufarhöfn. Á Húsavík komu tæplega 300 konur og kvárar saman og hreinlega sprengdu húsnæði stéttarfélaga utan af sér. Á Raufarhöfn var einnig góð mæting í félagsheimilið Hnitbjörg og komu konur bæði frá Raufarhöfn og nærliggjandi byggðarlögum saman til fundar. Óhætt er að segja að báðar samkomurnar hafi heppnast afar vel. Full ástæða er til að þakka þeim sem komu að framkvæmd og skipulagningu samstöðufundanna á Húsavík og Raufarhöfn fyrir þeirra framlag til að gera daginn sem glæsilegastan. Þar fór fremst í flokki, Ósk Helgadóttir.

Vilja byggja leiguhúsnæði fyrir félagsmenn

Framsýn hefur unnið að því að tryggja tekjulágu fólki á leigumarkaði húsnæði á viðráðanlegu verði. Hvað það varðar hefur félagið þrýst á Bjarg íbúðafélag að hefja uppbyggingu á slíku húsnæði á Húsavík en Bjarg er sérsniðið að tekjulágum einstaklingum á vinnumarkaði sem eiga hvað erfiðast með að komast í leiguhúsnæði á almenna húsnæðismarkaðinum vegna lágra tekna. HMS og Norðurþing hafa samþykkt umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag vegna byggingu íbúða á Húsavík, sem er afar ánægjulegt. Lóðinni Lyngholti 42-52 hefur verið úthlutað til verkefnisins og er þar gert ráð fyrir sex íbúðum samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Bjarg er húsnæðissjálfseignastofnun rekin án hagnaðarmarkmiða. Framsýn á aðild að Bjargi í gegnum ASÍ. Félagið hefur lengi barist fyrir því að Bjarg kæmi að því að byggja upp húsnæði á Húsavík fyrir tekjulágar fjölskyldur. Þess vegna ekki síst ber að fagna samstarfi aðila, HMS, Norðurþings, Framsýnar og Bjargs að nú sé í burðarliðnum að byggja sex íbúða raðhús á Húsavík á komandi mánuðum.

Flugið í frjálsu falli

Flugfélagið Ernir hefur komið að áætlunarflugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur frá árinu 2012. Frá þeim tíma hefur Framsýn átt afar gott samstarf við flugfélagið um þessar mikilvægu samgöngur milli landshluta með kaupum á ákveðnu magni af flugmiðum sem hafa verið framseldir til félagsmanna. Framsýn hefur lagt á sig ómælda vinnu við það að reyna að tryggja áframhaldandi flug um Húsavíkurflugvöll. Fundað hefur verið með fjölmörgum aðilum, s.s. ráðherrum, þingmönnum, sveitarstjórnarmönnum, SSNE og ferðaþjónustuaðilum í Þingeyjarsýslum, auk þess að funda með fyrrverandi og núverandi stjórnendum Ernis. Framsýn hefur verið leiðandi í umræðunni og fengið mikið lof fyrir það meðal félagsmanna, ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnarmanna. Því miður var flugi til Húsavíkur hætt 1. apríl 2024. Þrátt fyrir að staðan lofi ekki góðu mun Framsýn halda áfram að berjast fyrir frekara flugi til Húsavíkur en Vegagerðin hefur ákveðið bjóða út flug til Húsavíkur, það er þrjá mánuði á ári yfir hörðustu vetrarmánuðina næstu þrjú árin. Vissulega eru vonbrigði að mánuðirnir séu ekki fleiri.

Umhugað um málefni aldraðra og öryrkja

Þrátt fyrir að hlutverk verkalýðshreyfingarinnar sé einskorðað við það að semja fyrir fólk á vinnumarkaði lagði Framsýn samt sem áður í vinnu við að setja saman kröfur um málefni eldri félagsmanna og öryrkja innan félagsins. Félagi eldri borgara á Húsavík og nágrennis var boðið að hafa áhrif á tillögur félagsins, áður höfðu eldri borgarar í Mývatnssveit komið ábendingum á framfæri við félagið. Tillögum Framsýnar var komið á framfæri við Starfsgreinasamband Íslands í upphafi kjaraviðræðna enda sambandið með samningsumboð félagsins, það er gagnvart Samtökum atvinnulífsins og stjórnvöldum.

Ósk varaformaður heiðruð

Í tilefni af 60 ára afmæli varaformanns Framsýnar 11. júní 2023 var ákveðið að sæma hana æðsta heiðursmerki félagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. „Samkvæmt 6-lið 10. greinar félagslaga Framsýnar er stjórn félagsins heimilt á hverjum tíma að velja heiðursfélaga og sæma þá gullmerki félagsins. Heiðursfélagi er sæmdarheiti sem er æðsta viðurkenning félagsins og þeim einum hlotnast er lagt hafa sérstaklega mikið af mörkum til eflingar félaginu, félagsmönnum til hagsbóta.“ Í tilefni heiðrunarinnar stóð Framsýn fyrir móttöku í fundarsal stéttarfélaganna 13. október þar sem samstarfsfólki Óskar innan félagsins var boðið til veislu henni til heiðurs. Boðið endaði með kvöldverði á Fosshótel Húsavík.

Vilja öflugar matvöruverslanir

Framsýn hefur átt fundi með stjórnendum Samkaupa þar sem lögð hefur verið áhersla á að fyrirtækið bætti verslunarþjónustu fyrirtækisins í Þingeyjarsýslum. Það er með því að byggja upp öfluga matvöruverslun á Húsavík og bæti um leið verslunina sem þeir reka í Mývatnssveit. Framsýn mun vinna áfram að málinu enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir heimamenn. Framsýn telur jafnframt mikilvægt að standa vörð um aðra verslun og þjónustu á félagssvæðinu sem því miður stendur ekki alltof vel um þessar mundir.

Öll í stuði á Skrifstofu stéttarfélaganna

Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk að venju vel á síðasta starfsári. Félagið er aðili að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík ásamt Starfsmannafélagi Húsavíkur og Þingiðn. Þar starfa 7 starfsmenn með starfsmanni Virk í 5,8 stöðugildum. Að auki starfa 5 starfsmenn í hlutastörfum hjá Framsýn við að þjónusta orlofsíbúðir í Reykjavík, Kópavogi, Akureyri og í Öxarfirði. Starfshlutfall þeirra er um 30% að meðaltali. Þá er einn starfsmaður í 5% starfi á Raufarhöfn. Þess ber að geta að Kristján Ingi Jónsson hætti störfum hjá stéttarfélögunum í lok síðasta árs. Í hans stað var Aðalsteinn J. Halldórsson ráðinn til starfa frá og með 1. nóvember 2023, en hann starfaði áður á Skrifstofu stéttarfélaganna, frá árinu 2016 til ársins 2020. Aðalsteinn hefur frá þeim tíma verið í afleysingum hjá félögunum. Full ástæða er til að þakka Kristjáni fyrir vel unnin störf í þágu stéttarfélaganna, Kristján var góður liðsmaður.

Gefið og gefið til góðra málefna

Félagið kom að því að styrkja Golfklúbb Húsavíkur um kr. 200.000,- til kaupa á golfhermi ásamt STH og Þingiðn sem lögðu fram kr. 300.000,-. Félögin lögðu því fram samtals kr. 500.000,-. Félagið gaf tónlistardeild Stórutjarnaskóla gjöf kr. 100.000,- til kaupa á hljóðfærum en nemendur skólans komu fram á hátíðarhöldunum 1. maí 2023. Félagið kom að því að styrkja Völsung meðal annars með kaupum á búningum og vestum á yngri iðkendur í knattspyrnu. Menningarhátíð í Mývatnssveit um páskana var styrkt. Tónkvíslin hjá Framhaldsskólanum á Laugum og Tónlistarhátíðin HnoðRi á Húsavík voru jafnframt styrkt með fjárframlögum. Það á einnig við um Buch orkugönguna. Óhætt er að segja að Framsýn sé góður bakhjarl í héraði fyrir menningar, lista, æskulýðs, og íþróttastarf.

Lögum breytt til að auka lýðræðið

Aðalfundur Framsýnar samþykkti að breyta lögum félagsins, þannig að kosið verði í embætti, fyrir utan stjórn og trúnaðarráð á aðalfundi félagsins á hverjum tíma. Fram að þessu hefur sérstök uppstillinganefnd á vegum félagsins stillt öllum upp í trúnaðarstöður sem trúnaðarráð félagsins hefur síðan auglýst og kallað eftir öðrum tillögum. Með þessum breytingum er verið að auka lýðræðið enn frekar í félaginu.

Óskuðu forstöðumanni til hamingju með áfangann

Elísabet Gunnarsdóttir fjármálastjóri ásamt öðrum starfsmönnum stéttarfélaganna kölluðu Aðalstein Árna upp á aðalfundi Framsýnar til að þakka honum fyrir samstarfið og störf hans í þágu félagsins um leið og þau færði honum gjöf frá samstarfsfólkinu á skrifstofunni. Aðalsteinn Árni hefur verið forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna í 30 ár en hann tók formlega við sem forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna 3. maí 1994. Aðalsteinn Árni þakkaði fyrir sig og sagði að það hefði verið bæði ánægjulegt og eins gefandi að starfa fyrir stéttarfélögin í þrjá áratugi.
Starfsdagarnir hefðu oft verið langir og strangir. Hver dagur hefði verið honum sigurdagur.

Gleði og hamingja á aðalfundi Framsýnar
Menn koma og fara í störfum fyrir félagasamtök eins og stéttarfélög. Á aðalfundinum kölluðu formaður og varaformaður Aðalstein Gíslason, Svövu Árnadóttur og Þóri Stefánsson upp til að þakka þeim fyrir vel unninn störf í þágu félagsins til fjölda ára en þau gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið. Þess ber að geta að þau hafa þjónað félaginu vel og lengi auk þess að vera mjög virk í starfi þess með því að sækja fundi, þing og ráðstefnur sem fulltrúar félagsins. Fengu Aðalsteinn, Svava og Þórir smá glaðning frá félaginu á þessum tímamótum. Fundarmenn klöppuðu vel og lengi fyrir þeim.

Viðurkenning til handa Ágústi
Á aðalfundinum var Ágúst S. Óskarsson sæmdur gullmerki Framsýnar. Samkvæmt félagslögum er heimilt að sæma menn sérstaklega gullmerki félagsins.

Fyrir tveimur árum síðan var byrjað að veita sérstakt gullmerki fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, en nokkrir einstaklingar hafa í gegnum tíðina verið gerðir að sérstökum heiðursfélögum sem er æðsta viðurkenning félagsins. Formaður Framsýnar þakkaði Ágústi vel unninn störf með þessum orðum:

„Ágúst hefur að baki langan og farsælan feril sem starfsmaður stéttarfélaganna. Hann hóf störf hjá stéttarfélögunum árið 1988. Hann tók smá hliðarskref árið 2005 þegar hann færði sig um set og réð sig til starfa hjá Félagsþjónustu Norðurþings. Þar starfaði hann sem ráðgjafi og staðgengill félagsmálastjóra til ársins 2010 þegar honum bauðst að taka við starfi ráðgjafa á vegum Virk starfsendurhæfingarsjóðs sem Framsýn hefur hýst allt frá stofnun sjóðsins 2008 þar til 1. maí 2024 þegar Virk og Framsýn gerðu með sér samkomulag um að starfsmaðurinn færðist alfarið yfir til Virk vegna skipulagsbreytinga hjá sjóðnum. Ágúst féll því af launaskrá hjá Framsýn um síðustu mánaðamót. Ágúst hefur alla tíð verið mjög virkur í starfi. Þegar hann réð sig til starfa hjá stéttarfélögunum fyrir rúmlega þremur áratugum síðan, hefur hann gengt ýmsum störfum s.s. séð um að færa bókhald, þjónað atvinnuleitendum og almennum félagsmönnum auk þess að starfa fyrir Lífeyrissjóðinn Björg sem var í fyrstu í samstarfi við stéttarfélögin um skrifstofuhald áður en hann var sameinaður Lífeyrissjóði Norðurlands og starfsemin fluttist til Akureyrar í kjölfarið. Það verður ekki annað sagt um Ágúst en að hann hafi verið traustur og metnaðarfullur starfsmaður þau fjölmörgu ár sem hann hefur starfað á Skrifstofu stéttarfélaganna við almenn störf, síðar Virk starfsendurhæfingarsjóð. Þá má ekki gleyma því að Ágúst var formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur um árabil. Fyrir það viljum við þakka með því að veita honum gullmerki félagsins. Ágúst hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt til félagsmanna stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum."

Aðalfundur STH

Aðalfundur STH var haldinn í fundarsal stéttarfélaganna 24. maí. Mæting á fundinn hefði mátt vera betri en hér verður fjallað um helstu málefni félagsins milli aðalfunda.

Fjöldi félagsmanna
Fullgildir félagsmenn í Stafsmannafélagi Húsavíkur þann 31. desember 2023 voru 102, það er þeir sem greiddu til félagsins 2023 Það er 36 karlar og 66 konur. Þess ber að geta að fjöldi virkra félagsmanna STH sem greiddu í félagssjóð í janúar 2024 skv. félagatali í DK voru 72 en voru 76 á sama tíma í fyrra. Félagsmönnum hefur fækkað aðeins milli ára.

Fjármálin í góðu lagi
Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2023 námu kr. 12.298.254,- en voru kr. 13.134.738,- árið á undan.
Rekstrargjöld voru kr. 16.624.114,- og hækkuðu því milli ára úr kr. 11.214.580,-. Fjármunatekjur voru kr. 2.820.096,- samanborið við kr. 1.046.576,- árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 1.526.591,- samanborið við kr. 5.705.534,- tekjuafgang frá fyrra ári. Heildareignir í árslok voru kr. 81.625.593,- og eigið fé nam kr. 80.545.725,-. Hefur það aukist um 1,9% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Starfsmannafélagsins í rekstrarkostnaði nam kr. 2.543.772,-.

Við förum í fríið

Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna eiga mjög gott samstarf um orlofsmál. Félögin halda úti sameiginlegri orlofsnefnd sem vinnur að því að bjóða félagsmönnum upp á marga góða kosti varðandi orlofsdvöl og sífellt er unnið að því að auka framboðið. Í því sambandi má nefna að framboð félagsmanna í gegnum orlofsvef stéttarfélaganna hefur verið stóraukið með samningum við ferðaþjónustuaðila víða um land. Þannig vilja félögin stuðla að því að félagsmenn geti notið þess að fara í frí innanlands. STH á eina íbúð í Sólheimum og gengur rekstur hennar vel. Auk íbúðarinnar í Sólheimum á félagið eitt orlofshús á Eiðum, líkt og með íbúð félagsins í Sólheimum hefur rekstur orlofshússins gengið vel.

Félagsmenn í afmælis stuði

STH stóð fyrir afmælisferð til Siglufjarðar 25. nóvember í tilefni af 60 ára afmæli félagsins. Félagið var stofnað 26. október 1963. Ferðin til Siglufjarðar var í alla staði frábær. Boðið var upp á jólahlaðborð og gistingu. Þá var boðið upp á siglingu með Örkinni sem var gerð upp á Húsavík fyrir nokkrum árum.

Náms- og heilsustyrkir í boði

Á síðasta ári voru greiddir samtals kr. 710.200,- í námsstyrki til félagsmanna. Þá fengu félagsmenn greiddar kr. 88.496,- í heilsustyrki frá félaginu.

Tekið hús á forseta Íslands:

Formaður STH þáði heimboð forseta Íslands, Guðna T. Jóhannessonar til Bessastaða, í tilefni fullveldisdagsins 1. desember. Til móttökunnar voru boðnir formenn launþegasamtaka ASÍ og BSRB.

Samrekstur stéttarfélaganna gengur vel

Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna. STH, Þingiðn og Framsýn, mynda með sér Fulltrúaráð sem skipað er formönnum þessara félaga. Fulltrúaráðinu er ætlað að fylgjast með sameiginlegri starfsemi félaganna, ekki síst sem viðkemur rekstri skrifstofunnar. Fulltrúaráðið kemur saman til fundar eftir þörfum og hefur samstarfið um reksturinn gengið mjög vel.

Kjörið í trúnaðarstöður í félaginu

Samkvæmt lögum félagsins var gengið frá kjöri á gjaldkera og einum meðstjórnanda á aðalfundinum til tveggja ára samkvæmt lögum félagsins. Fanney Hreinsdóttir var kjörin gjaldkeri félagsins og Sylvía Ægisdóttir var kjörin meðstjórnandi. Þá var Ása Gísladóttir og Erla Bjarnadóttir kjörnir félagslegir skoðunarmenn reikninga og Vilborg Sverrisdóttir til vara fyrir starfsárið 2024. Sveinn Hreinsson, Arna Þórarinsdóttir og Guðrún Ósk Brynjarsdóttir voru kjörin í orlofs- og starfskjaranefnd félagsins og Einar Víðir Einarsson, Arna Þórarinsdóttir og Eyrún Sveinsdóttir í Ferðanefnd félagsins. Þá voru Bergljót Friðbjarnardóttir og Hermína Hreiðarsdóttir kjörnar í stjórn Starfsmenntasjóðs STH. Norðurþing tilnefnir sína fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Hermína og Bergljót á þing

Reglulegt þing BSRB verður haldið síðar á árinu. STH á rétt á tveimur fulltrúum. Þrír gáfu kost á sér á þingið. Hermína Hreiðarsdóttir og Bergljót Friðbjarnardóttir hlutu kosningu.

Vilji til að efla félagið

Á aðalfundinum kom fram fullur vilji hjá fundarmönnum að efla félagið enn frekar en fækkað hefur í félaginu á undanförnum árum.

Aðalfundur Þingiðnar

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 29. apríl í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26. Óvenju góð mæting var á fundinn. Hér verður fjallað um helstu málefni félagsins milli aðalfunda.

Fjárfest í orlofsíbúð

Félagsfundur Þingiðnar sem haldin var í nóvember sl. samþykkti að heimila stjórn félagsins að kaupa orlofsíbúð að Hraunholti 26 á Húsavík. Um er að ræða 4 herbergja íbúð á einni hæð í tvíbýli. Íbúðin sjálf er 105,7 m2 að stærð auk þess sem um 12 m2 garðskúr fylgir íbúðinni. Eignin afhendist fullbúin með lóð 1. ágúst 2024 eða eftir nánara samkomulagi. Kaupverð kr. 69.350.000,-.

Félagsmönnum fjölgaði milli ára

Félagsmenn í Þingiðn voru samtals 109 þann 31. desember 2023, það er greiðandi félagar, öryrkjar og aldraðir sem áður greiddu til félagsins. Greiðandi fullgildir félagsmenn voru 99. Töluvert hefur verið um nýbyggingar á félagssvæðinu sem tryggt hefur gott atvinnuástand meðal iðnaðarmanna. Reyndar er vöntun á iðnaðarmönnum til starfa í flestar greinar innan félagsins.

Reksturinn til fyrirmyndar

Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2023 námu kr. 19.141.488 sem er um 8,7 % hækkun frá fyrra ári. Heildartekjur námu kr. 22.659.666. Ef tekið er tillit til leiðréttinga frá fyrri árum var upphæðin 17.921.907 og 1,6% hækkun. Rekstrargjöld voru kr. 23.221.654 og hækkuðu um 10,7% frá síðasta ári. Þetta þýðir að tap var af rekstri fyrir fjármagnsliði. Stærsti einstaki útgjaldaliður félagsins eru bætur og styrkir úr sjúkrasjóði. Árið 2023 voru alls greiddir úr sjúkrasjóði 69 styrkir eða sjúkradagpeningar til félagsmanna kr. 7.754.665. Árið áður voru einnig greiddir 69 styrkir. Fjármagnstekjur hækkuðu lítillega eða úr kr. 14.287.573 árið 2022 í kr. 15.211.667 árið 2023 sem gerir um 6,5% hækkun. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 14.649.678 en hann var kr. 14.040.907 árið áður. Útistandandi iðgjöld lækkuðu um fimm miljónir milli ára sem er mjög ánægjulegt. Heildareignir í árslok voru kr. 289.996.214 og eigið fé nam kr. 280.207.702, hefur það aukist um 5,5% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Þingiðnar í rekstrarkostnaði nam kr. 3.851.896.

Orlofsmálin í góðu lagi

Þingiðn á eina íbúð í Þorrasölum 1-3 í Kópavogi. Nýlega var ráðist í að kaupa ný húsgögn í íbúðina. Skipt var um húsgögn í stofu, það er sófasett, sófaborð og skáp. Jafnframt var komið upp hleðslustöð fyrir gesti íbúðarinnar í bílakjallaranum. Þá eiga Þingiðn og Framsýn saman íbúð í gegnum Hrunabúð sf. að Garðarsbraut 26, efri hæð sem hefur verið útleigu. Íbúðin sem er í byggingu í Hraunholtinu á Húsavík bætist við orlofseignir félagsins í haust. Mikil ánægja er með þessa ákvörðun félagsins, það er að auka framboð á orlofsíbúðum fyrir félagsmenn. Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótelum á vegum félagsins.

Tjaldstæðistyrkir í boði

Alls fengu 15 félagsmenn endurgreiðslur á árinu 2023 vegna dvalar á tjaldsvæðum eða alls kr. 362.940,-. Árið á undan fengu 20 félagsmenn endurgreiðslur vegna dvalar á tjaldsvæðum eða alls kr. 302.300,-. Til viðbótar gafst félagsmönnum kostur á að kaupa gistimiða á hótelum/gistiheimilum og ódýr flugfargjöld með Flugfélaginu Erni á flugleiðinni Húsavík – Reykjavík.

Starfsmenntasjóðurinn kemur að góðum notum

Á síðasta ári fengu 6 félagsmenn styrki úr sjóðnum til náms/námskeiða samtals kr. 317.200,-. Samþykkt var að hækka styrki úr sjóðnum frá 1. maí sl. til samræmis við úthlutunarreglur Fræðslusjóðsins Landsmenntar sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn.

Tæpar 8 milljónir til félagsmanna

Greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði félagsins á árinu 2023 námu kr. 7.754.665,-. Sjóðurinn er afar mikilvægur fyrir félagsmenn Þingiðnar.

Félagsmerkið til skoðunar

Innan Þingiðnar er til skoðunar að breyta um félagsmerki. Núverandi merki þykir of „þungt". Málið var til umræðu á aðalfundi félagsins. Bjarki Lúðvíksson sem er grafískur hönnuður var beðinn um að hanna nýtt merki fyrir félagið. Sá hinn sami hannaði merki Framsýnar. Eftir umræður á aðalfundinum var ákveðið að bíða með að skipta um merki, voru fundarmenn ekki ánægðir með þær tillögur sem lágu fyrir fundinum. Stjórninni var falið að skoða málið frekar.

Styrkir til félagsmanna hækkaðir umtalsvert

Í ljósi þess að staða félagsins er góð samþykkti aðalfundurinn að hækka greiðslur úr sjúkrasjóði frá og með 1. maí 2024, það er til samræmis við samþykkt Framsýnar. Fjallað er um hækkanirnar á öðrum stað í blaðinu.

Á aðalfundi Þingiðnar var gengið frá kjöri á stjórn félagsins fyrir næsta kjörtímabil sem eru tvö ár. Hana skipa, Jónas Kristjánsson formaður, Jónas Hallgrímsson varaformaður og aðrir í stjórn eru Hólmgeir Rúnar Hreinsson, Þórður Aðalsteinsson og Hermann Sigurðsson sem kemur nýr inn í stjórn fyrir Vigfús Þór Leifsson sem gaf ekki kost á sér áfram enda setið í stjórn Þingiðnar til fjölda ára. Að sjálfsögðu var Fúsa þökkuð vel unninn störf í þágu félagsins.

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður í 30 ár:

„Öflugt félagsstarf er lykillinn að þróttmikilli starfsemi“

Um þessar mundir eru slétt þrjátíu ár liðin frá því að Aðalsteinn Árni Baldursson varð formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur. Hann var kjörinn formaður félagsins 3. maí 1994 en hafði í þrjú ár verið varaformaður þess. Þar áður hafði hann gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið, nú Framsýnar stéttarfélags. Af því tilefni var hann sæmdur æðsta heiðursmerki félagsins fyrir vel unnin störf í þágu verkafólks á fjölmennum hátíðarhöldum stéttarfélaganna á Húsavík 1. maí 2024.

Á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí 2008 sameinuðust Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verslunarmannafélag Húsavíkur undir heitinu Framsýn stéttarfélag og var Aðalsteinn Árni kjörinn formaður hins sameinaða félags. Skömmu áður höfðu Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar og Verkalýðsfélag Raufarhafnar sameinast undir nafninu Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Löngu áður höfðu Verkamannafélag Húsavíkur og Verkakvennafélag Húsavíkur sameinast undir nafninu Verkalýðsfélag Húsavíkur eða árið 1964.

Aðalsteinn Árni er með öðrum orðum eini formaður Framsýnar í sextán ára sögu félagsins.

Talar í fyrirsögnum

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á öllum sviðum þjóðfélagsins á þessum þrjátíu árum.

Aðalsteinn Árni segir að þrátt fyrir miklar breytingar eigi starfsemi stéttarfélaga fyrst og síðast að snúast um þjónustu við félagsmenn, verja kjör þeirra og réttindi með einum eða öðrum hætti og sækja fram, félagsmönnum til hagsbóta. Í þeim efnum hafi vel til tekist hjá Framsýn, það sýni meðal annars áralangar kannanir meðal félagsmanna. Sömuleiðis sé fjárhagur félagsins sterkur, sem skipti miklu máli varðandi getuna til að þjónusta félagsmenn sem best. Oft hefur gustað nokkuð hressilega um Aðalstein Árna þessa þrjá áratugi, enda hann þekktur fyrir að segja sína skoðun umbúðalaust og á auðskiljanlegu máli. Fjölmiðlafólk hefur sagt að hann tali gjarnan í fyrirsögnum og geri þar með landsmönnum ljóst viðhorf Framsýnar til ýmissa mála.

Ekki níu til fimm vinna og eldmóðurinn enn til staðar
Fréttabréfið settist niður með formanninum í því skyni að rifja upp minnisstæða þætti í starfseminni og einnig að horfa fram á veginn.
„Þegar stéttarfélögin voru sameinuð á sínum tíma sagði ég í viðtali við Fréttabréf stéttarfélaganna að sókn væri besta vörnin, enda mikill keppnismaður. Það hefur ekkert breyst, svo mikið er víst. Ég var sem sagt fullur eldmóðs, kapps og metnaðar og talaði jafnframt fyrir sameiningu stéttarfélaga í Þingeyjarsýslum til sóknar fyrir félagsmenn og samfélagið allt. Sem betur fer gekk það eftir. Að fara fyrir öflugu stéttarfélagi með afskaplega víðtæka starfsemi er síður en svo níu til fimm vinna, fimm daga vikunnar og nokkrar vikur í orlofi á ári. Þess í stað þurfa menn að standa vaktina flesta daga ársins og vinnudagarnir eru oft nokkuð langir. Hins vegar valdi ég verkalýðs- og félagsmál sem ævistarf og sé ekki eftir því, alls ekki. Eldmóðurinn er enn til staðar hjá þeim gamla," segir Aðalsteinn Árni um leið og hann hellir í fyrsta kaffibollann. Viðtalið er sem sagt formlega hafið og upptökutækið komið í gang.

Árin hjá Fiskiðjusamlaginu höfðu mótandi áhrif
„Áður en ég var kjörinn formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur starfaði ég hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur samfellt í 13 ár fyrir utan sumarstörf með námi, þar sem ég sinnti ýmsum verkefnum. Örlögin höguðu því reyndar þannig að búfræðingurinn ílengdist þarna.
Mín starfsdeild gekk undir nafninu Aðgerðin og var nokkuð fjölmenn, sá meðal annars um saltfiskvinnslu, slægingu, skreiðarvinnslu og landanir úr fiskiskipum fyrirtækisins og fleira. Þetta voru lærdómsríkir tímar og ungi búfræðingurinn frá Hvanneyri upplifði ótrúlega margt og mikið á skömmum tíma er hann starfaði þar með verkakonum- og körlum sem flest voru af eldri kynslóð.
Ég var sem sagt með þeim yngri í Aðgerðinni, rétt innan við tvítugt og því hálfgerður kettlingur. Þrátt fyrir ungan aldur varð ég snemma trúnaðarmaður starfsfólksins, sem hvatti mig óspart til að sækja fram á vettvangi verkalýðsmála og berjast fyrir réttindum verkafólks. Það fól mér jafnframt að taka að mér að vera áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn Fiskiðjusamlags Húsavíkur auk þess að taka sæti starfsmanna í stjórn útgerðarfyrirtækisins Íshafs hf. sem var að hluta í eigu Kaupfélags Þingeyinga og Fiskiðjusamlagsins. Verkalýðsfélag Húsavíkur var einnig skráður hluthafi í útgerðarfyrirtækinu.
Þessi ár hjá Fiskiðjusamlaginu mótuðu mig óhjákvæmilega, þarna kynntist ungi maðurinn harðduglegu og traustu fólki sem sannarlega þurfti að hafa fyrir lífinu, barðist jafnvel við fátækt og brauðstrit. Allt of margir höfðu ekki mikið á milli handanna, því miður, en allir voru jafnir burtséð frá líkamlegu atgervi. Ég hugsa oft til þessara tíma og er reyndar sannfærður um að árin í Aðgerðinni höfðu mótandi áhrif á sýn mína til margra þátta í lífinu og fyrir það er ég þakklátur."

Landburður af fiski og unnið utandyra í Aðgerðinni. Aðalsteinn Árni ásamt samstarfsmönnum að spyrða fisk.

„Ég treysti þér fullkomlega til þessa verks“

„Traustið sem samstarfsfólkið í Aðgerðinni bar til mín var mér mikils virði og hvetjandi á margan hátt. Mér er það afar minnisstætt þegar Aðalgeir Þorgrímsson verkstjóri, kom einn daginn til mín og bauðst til að skutla mér heim eftir vinnu á Land Rovernum, sem ég þáði. Þarna var ég rétt rúmlega tvítugur að aldri.

Þegar við vorum komnir heim, drap Aðalgeir á jeppanum og sagðist þurfa að ræða við mig og tónninn var alvarlegur. Aðalgeir bað mig þarna um að leysa sig af sem verkstjóri á meðan hann færi í læknismeðferð. Hann vissi ekki hversu lengi, það færi eftir því hvernig meðferðin heppnaðist.

Ég benti honum á að margir aðrir starfsmenn væru heppilegri en ég til að gegna þessu ábyrgðarstarfi. Aðalgeir var hins vegar ákveðinn og sagðist treysta mér fullkomlega til þessa verks. Eftir þetta var ég af og til verkstjóri, þegar á þurfti að halda. Aðalstarfið var þó almenn fiskvinnslustörf og landanir úr fiskiskipum. Ég mat þetta traust Aðalgeirs í minn garð mikils og hugsa gjarnan til hans er ég sé gamlan Land Rover enda Alli mikill öðlingur í alla staði. Þá áttum við sameiginlegt áhugamál, vorum báðir frístundabændur. Ég var flestum stundum eftir vinnu með pabba í sauðfjárbúskapnum en þeim Aðalgeiri, eða Alla Þorgríms eins og hann var ávallt kallaður, var vel til vina.“

Það voru allir jafnir í Aðgerðinni burtséð frá líkamlegu atgervi. Aðalsteinn Árni er hér með góðum vinnufélögum þess tíma, Hafliða Jónssyni og Torfa Sigurðssyni.

Grunnurinn að ævistarfinu lagður

Það voru greinilega fleiri en Alli Þorgríms sem höfðu augastað á Aðalsteini Árna sem leiðtogaefni til framtíðar.

Helgi Bjarnason formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og Kristján Ásgeirsson varaformaður félagsins gengu á fund Kára Arnórs Kárasonar og Aðalsteins Árna árið 1991 og vildu ræða framtíð Verkalýðsfélags Húsavíkur, þar sem þeir ætluðu sér að stíga til hliðar.

Á þessum fundi var grunnurinn að ævistarfinu lagður, í eldhúsinu á Skrifstofu stéttarfélaganna.

„Já, það má alveg segja það. Í stuttu máli lögðu þeir að okkur að taka við félaginu, enda væri öruggur stuðningur við það innan félagsins og auk þess kominn tími á breytingar. Við tókum sem sagt slaginn, Kári Arnór sem formaður og ég varaformaður. Kári Arnór var öllum hnútum kunnugur í starfsemi félagsins, enda skrifstofustjóri stéttarfélaganna. Ég var hins vegar búinn að starfa í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum félagsins en vissi samt sem áður afskaplega lítið um rekstur stéttarfélaga. Þar var Kári hins vegar á heimavelli. Saman mynduðum við gott teymi. Ég hætti störfum hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur og settist í kjölfarið við skrifborð á Skrifstofu stéttarfélaganna, sem var afskaplega framandi fyrir mig á þeim tíma.“

Ungur og rífur kjaft á fundum

Aðalsteinn Árni segir að það hafi verið forréttindi fyrir ungan manninn að kynnast Helga Bjarnasyni og Kristjáni Ásgeirssyni í starfi Verkalýðsfélags Húsavíkur. Báðir hafi þeir með afgerandi hætti lagt grunninn að öflugri verkalýðshreyfingu í Þingeyjarsýslum og reyndar á Norðurlandi í gegnum Alþýðusamband Norðurlands.

„Þeir sögðust á einhverjum tímapunkti sjá framtíð í mér, ég væri ungur að árum byrjaður að rífa kjaft á fundum sem væri góðs viti.“

Baráttu- og heiðursmaðurinn Helgi Bjarnason

„Kynni mín af Helga Bjarnasyni hófust upp úr 1980 þegar ég hóf að sækja fundi í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, hann var formaður félagsins frá árinu 1977 til 1991.

Helgi hvatti mig til dáða í öllum verkefnum, hann var baráttumaður sem gafst aldrei upp og bar ætíð hag þeirra sem minna máttu sín fyrir brjósti. Það var oft frábært að vera með Helga á fundum, njóta frásagnargáfunnar sem hann bjó yfir. Það var alltaf stutt í gleðina hjá honum en alvarlegur gat hann verið, svo mikið er víst. Mér er það er líka minnisstætt þegar hann sagði við mig að ég yrði að sjá til þess að veglega yrði haldið upp á 1. maí, þetta væri jú baráttudagur verkafólks. Við í Framsýn höfum gert okkar besta til að viðhalda þessum degi með metnaðarfullri dagskrá svo eftir hefur verið tekið.“

Helgi Bjarnason og Kristján Ásgeirsson lögðu línurnar á sínum tíma þegar Kári Arnór og Aðalsteinn Árni tóku við stjórnartaumunum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, nú Framsýn stéttarfélagi.

Málafylgju- og baráttumaðurinn Kristján Ásgeirsson

„Kristján Ásgeirsson , Kiddi, var fyrst og fremst gegnheill maður og vinur sem vildi öllum vel. Hann sat í stjórn félagsins í nærri fjóra áratugi og hafði því mikil áhrif á mótun þess, sem leiddu til þess að félagið hefur verið eitt öflugasta stéttarfélag verkafólks á Íslandi. Kiddi var með mörg járn í eldinum getum við sagt, því segja má að hann hafi lengi setið hringinn í kringum borðið sem vinnuveitandi, verkalýðsleiðtogi og um árabil bæjarfulltrúi. Hann var mikill málafylgjumaður og einlægur baráttumaður fyrir ýmsum réttindamálum sem þykja sjálfsögð í dag, svo sem atvinnuleysistryggingum, stofnun lífeyrissjóða og sjúkrasjóða.
Milli okkar ríkti góð og einlæg vinátta og ég gat alltaf leitað til hans um góð ráð, sem var mér mikils virði."

Úr fiskinum á skrifstofu verkalýðsfélagsins

Óskir félaganna Helga Bjarnasonar og Kristjáns Ásgeirssonar gengu eftir, Kári Arnór Kárason var kjörinn formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og Aðalsteinn Árni Baldursson varaformaður á aðalfundi félagsins 1991.
Þremur árum síðar gerðist Kári Arnór framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Norðurlands og Aðalsteinn Árni tók við sem formaður félagsins, sem síðar rann inn í hið sameinaða stéttarfélag Framsýn. Aðalsteinn Árni tók við formennsku á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur 3. maí 1994, þá voru liðin tvö ár frá því að hann hætti störfum hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur til að taka við starfi á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þremur áratugum síðar er starfsvettvangurinn hinn sami.
„Þetta voru auðvitað miklar breytingar á daglegu lífi, fara úr löndun á fiski í að sinna félags- og skrifstofustörfum. Ég var nú ekkert sérlega sleipur á tölvuna sem beið mín á skrifstofunni en það lagaðist með tíð og tíma getum við sagt, segir Aðalsteinn Árni þegar hann rifjar upp fyrstu skrefin á skrifstofunni.

Fyrsta málið sem rataði á þitt borð sem starfandi formaður?

„Já, já, ég man mjög vel eftir fyrsta málinu sem ég fékk inn á borð til mín, ný kominn til starfa á Skrifstofu stéttarfélaganna. Mjólkurbílstjórar hjá KÞ voru ósáttir við kaup og kjör miðað við kollega sína annars staðar á landinu og mér var falið að kanna þetta allt saman og krefjast jöfnunar. Þetta mál gekk reyndar svo langt að gripið var til aðgerða í mjólkursamlaginu og allt í einu var ég kominn í sjónvarpsviðtal hjá Ríkissjónvarpinu til að ræða stöðuna. Hjarta unga mannsins sló oft á tíðum taktfast í þessu fyrsta máli en góðu heilli náðum við að landa málinu þannig að allir gátu vel við unað."

Gríðarlegar breytingar á atvinnulífinu

Eðli málsins samkvæmt er Aðalsteinn Árni með „puttann á púlsinum" í atvinnulífinu á starfssvæði félagsins. Hann þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar talið berst að þeim breytingum sem orðið hafa á atvinnulífinu þessa þrjá áratugi og þar með daglegri starfsemi og þjónustu Framsýnar.
„Þegar ég tók við sem formaður voru félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur um átta hundruð en í Framsýn

Gamlir og góðir félagar sem hittust nýlega á förnum vegi. Aðalsteinn Árni starfaði lengi með Ívari Geirssyni verkstjóra í Aðgerðinni.

eru félagar í dag á fjórða þúsund. Fjölgunin sýnir að það er eftirsóknarvert að vera í félaginu. Umfangið hefur því margfaldast, auk þess sem verkalýðs- og stéttarfélögin hafa tekið að sér aukin verkefni í tímans rás eins og við þekkjum. Sama er að segja um uppbyggingu atvinnulífsins, breytingarnar eru í raun gríðarlegar. Í upphafi formennsku minnar í Verkalýðsfélagi Húsavíkur var Kaupfélag Þingeyinga svo að segja alls ráðandi og útgerðin á Húsavík sömuleiðis öflug. Í dag er ferðaþjónustan stór og mikilvæg atvinnugrein, grunnurinn er hvalaskoðun og Húsavík er þekkt víða um heiminn sem miðstöð hvalaskoðunar. Ferðamennska og ferðaþjónusta hafa klárlega haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélagið okkar, fræðilegar rannsóknir sýna það glögglega. Nýir veitingastaðir, hótel, gistiheimili, heimsskautagerði, náttúruböð og önnur afþreyingarfyrirtæki litið dagsins ljós. Allt þetta styrkir okkur.
Sömu sögu er að segja um kísilverið á Bakka, sem er stór vinnuveitandi á svæðinu. Ég bind miklar vonir við að jarðhitinn á Þeistareykjum styrki atvinnulíf svæðisins enn frekar í framtíðinni og við heimamenn eigum hiklaust að róa að því öllum árum að hann nýtist í heimabyggð."

Betur í stakk búin til að mæta sveiflum

„Vissulega heyrir maður raddir sem sakna gömlu góðu tímanna, þegar kaupfélagið og útgerðin voru svo að segja allt í öllu. Ég er reyndar einn af þeim. En segi aftur á móti að við eigum að horfa til framtíðar og á margan hátt má segja að ýmislegt jákvætt hafi gerst á félagssvæði Framsýnar á undanförnum árum. Ég nefndi áðan ferðaþjónustuna og kísilverið á Bakka. Mikil uppbygging fiskeldisfyrirtækja í Öxarfirði styrkir byggðirnar, ekki síst austan Húsavíkur, enda svæðið kjörið fyrir slíka starfsemi. Fiskeldi þarf fólk með alls konar menntun og þekkingu og nú er svo komið að húsnæðisskortur á Kópaskeri háir uppbyggingunni. Eftir langvarandi fólksfækkun í Þingeyjarsýslum hefur þróunin snúist við á undanförnum árum, sem er merki þess að við séum á réttri leið. Ég er í ágætu sambandi við íbúa í Þingeyjarsýslum og er nokkuð viss um að þeir eru almennt nokkuð ánægðir með búsetugæði sín, þegar á heildina er litið. Vissulega er samdráttur í landbúnaði áhyggjumál sem og staðan á Raufarhöfn sem gæti verið töluvert

betri. Þjónusta hins opinbera er svo alltaf baráttumál, þar verðum við að vera vakandi, svo sem varðandi gæði og aðgengi að heilsugæslu, menntastofnunum og annarri opinberri þjónustu. Ég nefni líka sérstaklega greiðar og góðar samgöngur og lægri flutningskostnað. Vaðlaheiðargöngin voru vissulega mikilvæg fyrir okkur og kærkomin en samgöngur eru víða ekki í nógu góðu lagi, það verður bara að segjast eins og er. Nærtækast er í þessu sambandi að nefna flugið hingað til Húsavíkur, sem hefur verið baráttumál félagsins um langt árabil. Framtíð flugsins er um þessar mundir í verulegri hættu, þar sem stjórnvöld hafa ekki verið tilbúin að ríkisstyrkja flugið til framtíðar og því liggur flugið niðri um þessar mundir. Fleiri atriði mætti auðvitað nefna í þessu sambandi en þegar á heildina er litið held ég að segja megi að atvinnulífið hafi eflst á margan hátt, stoðirnar eru fleiri en á árum áður. Það styrkir samfélagið til framtíðar og við erum betur í stakk búin til að takast á við sveiflur sem gjarnan eru í atvinnulífinu. Þá er mikilvægt að Þingeyingar standi betur saman hvað varðar frekari atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Það er lykillinn að framförum, okkur til hagsbóta."

Saga verkalýðshreyfingarinnar í Þingeyjarsýslum, er hún merkileg ?

„Já, mjög svo. Verkalýðsfélag Húsavíkur réðist í það stórvirki að skrásetja sögu verkalýðshreyfingarinnar í Þingeyjarsýslum, atvinnulífs og stjórnmála á Húsavík á tímabilinu 1885 – 1985. Þetta eru þrjú bindi og bækurnar „Fyrir neðan bakka og ofan," eru í fallegri öskju. Þór Indriðason stjórnmálafræðingur skrásetti og ég segi hiklaust að vel hafi tekist til varðandi þetta viðamikla verkefni. Ég er afar stoltur af þessum bókum, sem varðveita söguna um ókomna tíð. Við erum með til skoðunar að halda verkefninu áfram og skrá söguna til dagsins í dag."

Skrifstofan miðpunkturinn í starfsemi Framsýnar

Skrifstofa Framsýnar er að Garðarsbraut 26 á Húsavík og þar er veitt margvísleg þjónusta við félagasmenn. Aðalsteinn Árni segir að starfsfólkið vinni stöðugt að því að bæta gæði þjónustunnar við félagsmenn. Framsýn hafi á að skipa frábæru starfsfólki.

„Það er ekki hægt að segja annað en að félagsmenn leiti mikið til okkar og þá skiptir auðvitað höfuðmáli að þétt liðsheild starfsfólks sjái um hnitmiðaða og trausta upplýsingagjöf eða þjónustu sem viðkomandi félagsmaður óskar eftir, ekki síst erlendir félagsmenn sem hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Skyldur félagsins gagnvart félagsmönnum eru ríkar, auk þess sem félaginu er treyst til að hafa umsjón með verulegum fjármunum ýmissa kjarasamningsbundinna sjóða sem samið hefur verið um í gegnum tíðina. Okkar hlutverk á skrifstofunni er að sýna ráðdeild, fara vel með þá fjármuni sem okkur er treyst fyrir og það gerum við sannarlega. En þegar öllu er á botninn hvolft er öflugt félagsstarf lykillinn að þróttmikilli starfsemi og hingað á skrifstofuna leitar fólk eftir þjónustu og margvíslegum upplýsingum. Það er nefnilega ekki þannig að eingöngu félagsmenn leiti til stéttarfélaganna. Forsvarsmenn fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga eru líka reglulegir gestir hérna á skrifstofunni í leit að upplýsingum. Samskiptin fara líka í gegnum síma eða rafræn samskipti en þessi þáttur er á köflum nokkuð fyrirferðarmikill í daglegu amstri formannsins. Traust á milli fyrirtækja og stéttarfélaga er afar mikilvægt. Þetta sannaðist vel í heimsfaraldrinum, svo ég nefni einhver dæmi. "

Er alltaf stöðugt rennerí á skrifstofuna?

„Já, mér er óhætt að segja það og erindi fólks eru af öllum stærðum og gerðum. Við kappkostum að þjóna öllum eins og mögulegt er og maður finnur með áþreifanlegum hætti að fólk sem leitar til okkar ber fullt traust til starfsfólks. Stundum fáum við mál á okkar borð sem eiga í raun heima annars staðar, til dæmis hjá opinberri stofnun. Tæknin hefur líka gert það að verkum að hægt er að veita upplýsingar með öðrum hætti, svo sem rafrænum. Heimasíða félagsins, framsyn.is, er mjög öflug og þar er að finna aðgengilegar upplýsingar um helstu réttindi félagsmanna og upplýsingar um félagið og starfsemina. Heimasíðan er mikið notuð, sem sést best á öllum tölum um heimsóknir á síðuna. Einnig gefum við reglulega út fréttabréf, þar sem miðlað er upplýsingum og fréttum til félagsmanna. Framsýn er að mínu viti á margan hátt í fararbroddi hér á landi hvað varðar upplýsingagjöf og fræðslu til félagsmanna. Fjölmiðlar vakta margir hverjir heimasíðuna og segja reglulega frá ályktunum og yfirlýsingum sem birtar eru á síðunni. Stefna Framsýnar er að laga sig að breyttum aðstæðum og ég vil meina að okkur hafi tekist vel til í þeim efnum. Hitt er svo annað mál að persónuleg samskipti eru yfirleitt skemmtilegri en þau rafrænu. Svo er gaman að segja frá því að margir félagsmenn líta til okkar þótt erindið sé í raun ekkert. Þeir koma bara í kaffi og spjall og það er frábært."

Allir þekkja alla, þú sem formaður færð væntanlega á þitt borð erfið mál sem tengjast t.d. veikindum eða áföllum?

„Já, það liggur í hlutarins eðli og þá er gott að geta orðið að liði. Fólk stendur oft misjafnlega að vígi þegar veikindi koma upp hvað áunnin réttindi varðar og þá er það okkar hlutverk að veita sem bestar upplýsingar. Ég hvet því fólk til að hika ekki við að hafa samband við okkur sem fyrst við slíkar aðstæður. Vissulega getur nándin verið mikil, sem er bæði kostur og galli en ég held að kostirnir séu miklu fleiri. Ég hef margsinnis fengið þakkir frá fólki sem leitaði til skrifstofunnar í veikindum og fékk leiðbeiningar og aðstoð sem komu sér vel. Annað starfsfólk á skrifstofu Framsýnar hefur sömu sögu að segja og í þessum efnum er rétt að undirstrika að öll slík mál eru bundin trúnaði og þagnarskyldu. Hvað þakklætið varðar á ég orðið safn af vísum sem hafa verið skildar eftir á skrifstofunni eftir heimsóknir félagsmanna, samanber þessa:"

Ef móti blæs í mínum ranni
má ég finna góða vini.
Aðstoð þakka öðlingsmanni
Aðalsteini Baldurssyni.

Fólk sem kemur á skrifstofuna, þú færð sjálfsagt ekki alltaf hrós. Kemur fyrir að þú færð skammir?

„Það er bara eðlilegur og sjálfsagður fylgifiskur starfsins og sem betur fer talar fólk hreint út við mig, segir sínar skoðanir umbúðalaust. Ég hef verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum og fólk hefur skoðanir á mínum sjónarmiðum, sem betur fer. Þess vegna er nokkuð algengt að fólk komi sérstaklega til mín til að ræða ýmis mál sem því liggja á hjarta. Jú, jú, stundum er ég hundskammaður, getum við sagt. Þá er bara að taka samtalið í mesta bróðerni, hlusta og skiptast á sjónarmiðum. Skilgreining á hugtakinu gagnrýni er að rýna til gagns. Ég lít þess vegna á slík samtöl sem gagnlegar ábendingar til mín og þar með félagsins. Ég er ekkert sérlega viðkvæmur fyrir gagnrýni ef hún á rétt á sér. Ég hef verið ófeiminn við að gagnrýna til dæmis stjórnvöld, Samtök atvinnulífsins og félaga mína í verkalýðshreyfingunni, sú gagnrýni er sett fram af einlægni og ætlað að hvetja aðila til að gera betur er viðkemur lífsafkomu og stöðu verkafólks. Fyrir það stend ég og mun gera til síðasta dags í starfi sem formaður Framsýnar stéttarfélags."

Legið undir hótunum

Það hefur greinilega ýmislegt gengið á hjá formanni Framsýnar í gegnum tíðina. Árið 2006 gekk Verkalýðsfélag Húsavíkur frá samningi við erlenda starfsmannaleigu, sem var fyrsti slíki samningurinn sem gerður var hér á landi. Samkvæmt honum skuldbatt starfsmannaleigan sig til að fara eftir ákvæðum íslenskra kjarasamninga, starfsmönnum voru tryggð sambærileg réttindi og tryggingar er giltu á íslenskum vinnumarkaði.

„Þetta voru sannkallaðir tímamótasamningar og eftir þeim tekið hvarvetna. Aðdragandinn var á köflum dramatískur, getum við sagt.

Forstjóri erlendu starfsmannaleigunnar hafði verið í sambandi við mig vegna ýmissa réttindamála og var ekki par sáttur við okkur í Framsýn. Ég svaraði honum því, að ljót brot á erlendum starfsmönnum yrðu umsvifalaust kærð til lögreglunnar. Forstjórinn svaraði mér þá blákalt að það yrði gengið frá mér ef ég hefði mig ekki hægan. Mér brá eðlilega en ákvað strax að gefa ekkert eftir og sagðist aldrei geta liðið mansal á mínu félagssvæði eða annars staðar. Þar með lauk samtalinu.

Daginn eftir hringdi þessi sami maður og tónninn var allt annar. Hann sagðist ætla að senda lögmann upp til Íslands til ganga frá samningum við okkur í Framsýn. Það gekk eftir og fyrsti samningurinn á Íslandi við erlenda starfsmannaleigu var staðreynd. Þegar við vorum búnir að skrifa undir samninginn sá ég fyrir algjöra tilviljun að lögfræðingurinn var með mikið af upplýsingum um mig á ensku í töskunni sinni, starfsmannaleigan hafði sem sagt lagst í það að kortleggja mig rækilega. Endirinn á þessari stuttu en afar snörpu deilu var farsæll og ég get ekki annað en verið stoltur af því að Framsýn hafi verið brautryðjandi varðandi samning sem þennan við erlenda starfsmannaleigu."

Talið berst næst að samskiptunum innan sjálfrar verkalýðshreyfingarinnar. Stundum er sagt að þar á bæ ríki síður en svo samstaða og klíkumyndun grasseri. Aðalsteinn Árni, sem aldrei hefur setið í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, hefur verið óragur við gagnrýna verkalýðshreyfinguna.

„Það er rétt, formaður Framsýnar hefur aldrei setið í miðstjórn ASÍ sem er að mörgu leyti mjög merkileg staðreynd enda Framsýn verið eitt öflugasta stéttarfélagið innan ASÍ

Talað á Austurvelli á baráttufundi. Nýja Ísland og Hagsmunasamtök heimilanna stóðu að fundinum í vetrarveðri.

um langt árabil. Hins vegar hef ég tekið að mér nokkur stór verkefni á vegum Starfsgreinasambandsins, bæði erlendis og innanlands. Sem dæmi má nefna að ég hef setið í framkvæmdastjórn Starfsgreinasambandsins til fjölda ára, í stjórn fræðslusjóðsins Landsmenntar auk þess að fara fyrir kjaraviðræðum hópa innan sambandsins í viðræðum við atvinnurekendur, nú síðast ferðaþjónustunnar. Þá var mjög gefandi að taka þátt í erlendu samstarfi fyrir hönd sambandsins en ég sat um árabil í stjórn Norræna matvælasambandsins sem skipað er fulltrúum heildarsamtaka verkafólks á Norðurlöndunum. Það var lærdómsríkur tími. Þá var ég um tíma formaður Alþýðusambands Norðurlands sem er samstarfsvettvangur stéttarfélaga á Norðurlandi.

Ég hef verið óhræddur við að setja fram mínar skoðanir á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar sem hafa ekki alltaf fallið í góðan jarðveg hjá ákveðnum öflum, stundum með þeim afleiðingum að mér hefur verið tilkynnt að ekki komi til greina að fela mér ákveðin ábyrgðarstörf nema ég skipti um skoðun eða hafi mig hægan, ég sé of kröfuharður. Mínar skoðanir eru og hafa ekki verið til sölu og þar við situr. Réttur fólks til að tjá sig er eðlilegur hluti þess að búa í frjálsu samfélagi, en það hefur hins vegar ekki alltaf verið vinsælt innan verkalýðshreyfingarinnar að menn tjái skoðanir sínar tæpitungulaust, svo mikið er víst. Þegar saga ASÍ er skoðuð, kemur berlega í ljós að illvígar deilur hafa í áratugi verið innan sambandsins, sem auðvitað hafa bitnað á allri starfseminni. Umræðan síðustu árin hefur oft á tíðum verið á afskaplega lágu plani og ég hef margsinnis bent á þessa staðreynd og reyndar þurft að þola ýmsar árásir frá félögum mínum í hreyfingunni, það venst en á ekki að viðgangast."

Rómsterk og áhrifarík rödd Framsýnar

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti hátíðarræðu á hátíðarfundi Framsýnar 1. maí 2011. Þar ræddi hann meðal annars um rómsterkan málflutning Framsýnar, sem tekið væri eftir.

„Rödd Framsýnar- stéttarfélags Þingeyinga sem netmiðlar og ljósvakinn varpar um þjóðartorgið er rómsterk og áhrifarík; hefur á stundum verið sem samviska launafólks



Þáverandi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, bauð formanni Framsýnar í heimsókn á Bessastaði. Forsetinn lagði áherslu á gott samstarf við Framsýn.

þegar miklar ákvarðanir eru í vændum. Á slíkum stundum þarf sterka rödd til að flytja skoðanir sem ríkjandi eru á vinnustöðum; varasamt að láta bara atvinnumenn í stofnunum og höfuðstöðvum eina ráða för," sagði Ólafur Ragnar Grímsson, sem fylgdi þessari skoðun sinni eftir og bauð Aðalsteini Árna á Bessastaði, sem var í alla staði ánægjuleg heimsókn."

Landsliðið í félagsmálum

Aðalsteinn Árni segist heilt yfir vera sáttur við starfsemina í sinni formannstíð, enda fylgist félagsmenn almennt vel með starfseminni og láti í ljós sínar skoðanir.

„Vissulega er formaðurinn andlit félagsins út á við og ég hef verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum í þessi þrjátíu ár. Ekki það að ég sækist sérstaklega eftir því að vera í kastljósi fjölmiðla en hef hins vegar haft þá reglu að skorast ekki undan viðtölum þegar eftir því er leitað. Ég segi stundum að innan Framsýnar starfi landsliðið í félagsmálum, enda eftirsóknarvert að vera í nefndum og ráðum á vegum félagsins. Ég man ekki eftir miklum átökum eða leiðindum á fundum en sem betur fer talar fólk hreint út og segir sínar skoðanir umbúðalaust. Við höfum borið gæfu til að komast að sameiginlegum niðurstöðum, þar sem hagur félagsfólks er í fyrirrúmi og það er mikils virði og auðvitað nauðsynlegt fyrir formanninn."

Aðalsteinn Árni var um tíma í stjórn Nordisk Union fh. Starfsgreinasambands Íslands. Stjórnin er skipuð fulltrúum frá verkalýðsfélögum á Norðurlöndum sem hafa starfsfólk í matvælaframleiðslu innan sinna raða. Með honum á myndinn er Georg F. Hansen formaður Færeyska Verkamannasambandsins sem stóðu nýlega fyrir kröftum verkfallsaðgerðum í Færeyjum. Georg og Aðalsteinn hafa í gegnum tíðina átt mjög gott samstarf um verkalýðsmál.

Trúnaðarráð og Framsýn-UNG

Aðalsteinn Árni bendir í þessu sambandi á stjórn og trúnaðarráð félagsins, sem móti stefnuna í kaupgjalds,- kjara,- og atvinnumálum í samræmi við ákvarðanir aðal- og félagsfunda.

„Hlutverk þess er stórt og mikið og hefur alla tíð verið mjög virkt og fyrir það er ég þakklátur. Hátt í eitt hundrað félagsmenn gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið og svo bætast við trúnaðarmenn á vinnustöðum. Félagsmennirnir ráða í raun ferðinni og hlutverk formannsins og stjórnar-

innar er að fylgja eftir stefnu félagsmanna á hverjum tíma." Innan Framsýnar er starfandi sérstakur vettvangur félagsmanna á aldrinum16-35 ára. Þetta er Framsýn-UNG, sem ætlað er að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks.

„Ég er afskaplega stoltur af þessari starfsemi og þau eru ekki mörg stéttarfélögin í landinu sem eru með unglingaráð eins og Framsýn. Yngsta félagsfólkið kemur líka gjarnan með ferskar og skemmtilegar áherslur á fundina og ég er viss um að áhrif okkar yngsta félagsfólks á starfsemi félagsins eru umtalsverð. Þegar ég ræði við aðra formenn verkalýðsfélaga er oft spurt um Framsýn-UNG, það er greinilega tekið eftir þessari starfsemi annars staðar á landinu."

Eitthvað sem gera hefði mátt öðruvísi?

„Já já, eins og við er að búast í umfangsmikilli starfsemi eru þættir sem örugglega hefði mátt gera með öðrum hætti, það er bara eins og það er. En heilt yfir hefur vel til tekist, enda sýna allar viðhorfskannanir að félagsmenn eru ánægðir með starfsemina og stöðu félagsins. Bæði félagslega og fjárhagslega. Framsýn hefur alla tíð styrkt sitt nær svæði með öflugum hætti, svo sem björgunarsveitir, íþróttafélög og menningu svo ekki sé talað um veglegar gjafir til HSN og Hvamms, heimilis aldraðra. Félagsmenn taka eftir því að Framsýn er traustur bakhjarl í félags- og menningarlífinu á félagssvæðinu og ég held að það muni töluvert um styrkveitingar okkar til ýmissa góðra verka í áranna rás. Annars er ég lítið fyrir að horfa í baksýnisspegilinn, horfi frekar fram á við. Engu að síður er nauðsynlegt að læra af reynslunni, þannig erum við betur í stakk búin til að byggja upp til framtíðar."

Þú hefur unnið að því að byggðar verði íbúðir á félagssvæðinu fyrir tekjulágar fjölskyldur?

„Já, þetta er stórt og mikilvægt hagsmunamál. Seint á síðasta ári samþykkti Bjarg íbúðafélag, sem er félag sem rekið er án hagnaðarmarkmiða að hefja byggingu sex íbúða raðhúss á Húsavík, en Bjarg er í eigu verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er mikið gleðiefni og ég bind vonir við að framkvæmdir hefjist fljótlega og að ekki líði á löngu þar til ákveðið verður að byggja enn fleiri íbúðir á félagssvæðinu. Við í Framsýn munum tala fyrir fleiri íbúðum, enda þörfin veruleg."

Vinnufíkill

Aðalsteinn Árni hefur sannarlega í mörg horn að líta enda vinnufíkill og bóngóður. Þegar þetta samtal fór fram, hringdi síminn nokkrum sinnum og erindin voru greinilega af margvíslegum toga, stór og smá. Hann segir að vinnutíminn sé ansi óreglulegur og flestir dagar séu svipaðir hvað það varðar.

„Þetta er þannig starf að maður er í raun alltaf á vaktinni og ég kvarta ekkert undan því. Síminn minn er svo að segja alltaf opinn og ég er í símaskránni. Maður veit oft lítið eða ekkert um hvaða verkefni bíða næsta dags. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að menn geta ekki

Elfa Ósk hefur lengi stutt við bakið á eiginmanni sínum í krefjandi störfum fyrir Framsýn. Að sögn Aðalsteins endist enginn í sama starfinu í þrjá áratugi nema með góðum stuðningi frá fjölskyldunni og að starfið veiti bæði gleði og ánægju.

áttað sig á því hvað starfið er fjölbreytilegt sem gerir það um leið mjög spennandi og gefandi. Auk þess að svara reglulega hefðbundnum spurningum er varða réttindi fólks á vinnumarkaði er mikil vinna fólgin í því að viðhalda orlofseignum á vegum félagsins. Um daginn þurfti ég t.d. að skjótast til Akureyrar með iðnaðarmanni til að lagfæra orlofsíbúð í Furulundi, sem er í eigu félagsins. Þá fylgir starfinu að vera beðinn um að flytja erindi um flest milli himins og jarðar auk þess að stýra ársfundum s.s. hjá lífeyrissjóðnum Stapa, Fiskifélagi Íslands og hjá Búnaðarsambandi Suður- Þingeyinga. Þá er mikið leitað til okkar varðandi upplýsingagjöf er tengist atvinnu- og byggðamálum í Þingeyjarsýslum og þátttöku í starfshópum á vegum stjórnvalda og/eða verkalýðshreyfingarinnar. Svo ekki sé talað um alla þá sem leita til okkar með sín persónulegu mál, sem reyndar mörg hver eiga heima á öðru borði, en við njótum trausts okkar fólks sem ber að virða. Síðan má ekki gleyma því að lykillinn að þessu öllu saman er að hafa þétt og gott stuðningsnet, bæði fjölskyldu og samstarfsfólk. Hvað það varðar hefur eiginkona mín, Elfa Ósk Jónsdóttir, verið ótrúlega þolinmóð sem ég virði sérstaklega enda örugglega ekki auðvelt að vera gift manni eins og mér. Maður er sem sagt ekki einn í þessu, síður en svo."

Endurnærist í Grobbholti
Aðalsteinn Árni hefur í áratugi stundað frístundabúskap með sauðfé ásamt nokkrum góðum félögum í Grobbholti, skammt ofan Húsavíkur.
„Þetta hobbý hefur gefið mér mikið og búskapurinn gengur vel. Vorið er alltaf skemmtilegur árstími í búskapnum, þá er sauðburður og leikskóla- og grunnskólabörn koma í heimsókn og heilsa upp á lömbin og önnur dýr sem við höfum bætt við okkur. Sumir hafa meira að segja á orði að sumarið sé loksins komið þegar búið er að líta við hjá okkur í Grobbholti."

Talarðu við kindurnar?
„Já, það geri ég enda eru þær góðir hlustendur og oftast nokkuð sammála mér."

Lestu yfir þeim verkalýðsboðskapinn?
„Já, blessaður vertu. Svona þér að segja, þá gerði ég talsvert af því fyrstu árin eftir að ég tók við sem formaður Framsýnar. Það fylgir starfinu að flytja ræður við ýmis tilefni og í upphafi var maður með hvert orð skrifað á blað. Þá var ágætt að þruma yfir kindunum í Grobbholti, láta þær heyra ræðuna fyrst. Þær hlustuðu af kostgæfni. Í seinni tíð hefur dregið úr þessu en mér finnst gott að tala við ferfætlingana. Ég fer oft með gesti mína í Grobbholt og sýni þeim dýrðina. Ég man til dæmis eftir Guðna Ágústssyni fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sem sagði síðar frá heimsókninni í stórskemmtilegri bók. Guðni sagði greinilegt að ég endurnærist eftir erfiða daga á skrifstofunni með því að komast í Grobbholtið og það er alveg hárrétt hjá honum. Grobbholt er minn griða- og friðarstaður."

Búfræðingurinn er mikill áhugamaður um sauðfé enda hefur hann mikla ánægju af því að umgangast kindurnar sínar í Grobbholti, það hafi róandi áhrif.

Hvað með pólitíkina, hefurðu aldrei spáð í að komast á Alþingi ?
„Fyrst þú spyrð, get ég sagt þér að mér hefur oftar en einu sinni verið boðið að vera á framboðslista, reyndar oft. Fyrir síðustu kosningar var hringt og mér boðið að vera í svokölluðu nokkuð öruggu sæti en ég svaraði neitandi um hæl. Ég ætla ekki hér og nú að upplýsa hvaða flokkur það var sem falaðist eftir mér en ég var engu að síður þakklátur fyrir traustið sem mér var þarna sýnt. Reyndar sat ég eitt kjörtímabil í bæjarstjórn Húsavíkur fyrir H-listann."

Baráttan við krabbameinið
Aðalsteinn Árni greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli um hausið 2021 sem hann segir að hafi verið mikið áfall og tár hafi fallið. Æxlið var fjarlægt en síðar kom í ljós að það hafði náð að dreifa sér í bein. Að sögn lækna er krabbameinið ólæknandi.
„Ég hef svo sem ekkert verið að tala hátt um þetta, en þetta er engu að síður staðan og ekkert annað í stöðunni en að berjast við þennan illvíga sjúkdóm. Reyndar er það svo að veikindadagar mínir á þessum þrjátíu árum eru sára fáir, enda hef ég alla tíð verið afar heilsuhraustur. Þegar læknarnir urðu varir við krabbameinið var ég boðaður í aðgerð viku síðar en ég bað um að fresta henni vegna þess að göngur voru í uppsiglingu á Húsavík í byrjun september sem ég vildi ekki sleppa enda fátt skemmtilegra en að taka þátt í göngum og réttum. Læknarnir samþykktu að ég mætti fara í göngurnar og nokkru síðar fór ég í aðgerð. Síðar kom á daginn að krabbameinið hafði náð að dreifa sér í bein, þannig að núna er lyfjum sprautað í mig á þriggja mánaða fresti. Með þessum sprautum er krabbameininu haldið í skefjum, sofandi eins og læknarnir segja. Framtíðin leiðir það svo í ljós hvort krabbameininu tekst að leika á lyfin og vakna aftur til lífsins.

Þetta er harður slagur ?
„Já, sá allra harðasti sem ég hef háð á lífsleiðinni. Ég er ákveðinn í að vinna þennan slag með hjálp heilbrigðiskerfisins og minna nánustu. Ég trúi því og treysti að ég fái nokkur góð ár í viðbót, ég á svo margt ógert. Sem betur fer hafa orðið miklar framfarir í læknavísindum á undanförnum árum sem gefa tilefni til ákveðinnar bjartsýni. Hins vegar verður maður líka að horfa á hlutina af raunsæi. Krabbamein er skæður sjúkdómur, mér skilst að rúmlega tvö hundruð karlar greinist á hverju ári með blöðruhálskirtilskrabbamein."

Sæmdur gullmerki Framsýnar

Á fjölmennum hátíðarfundi Framsýnar 1. maí sl. var Aðalsteinn Árni sæmdur gullmerki félagsins í tilefni þess að 30 ár eru liðin frá því hann var kjörinn formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Trúnaðarráð Framsýnar ákvað að sæma Aðalstein Árna þessari æðstu viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins. Það var Ósk Helgadóttir varaformaður sem sæmdi Aðalstein Árna gullmerkinu. Við það tækifæri sagði hún meðal annars:

„Aðalsteinn Árni er vel að því kominn að vera heiðraður með þessum hætti. Hann hefur notið mikillar virðingar fyrir störf sín í þágu Framsýnar og ávallt verið reiðubúinn að vinna þau verk sem þurft hefur að skila í þágu félagsmanna á hverjum tíma. Hann er forkur til vinnu, duglegur og fylginn sér, kemur fram sem jafningi allra, en segir mönnum líka hiklaust til syndanna ef með þarf. En er að sama skapi einlægur og góður félagi og góður vinur ef á reynir.

Hafðu innilegar þakkir fyrir mikilvægt og afar óeigingjarnt starf í þágu félagsmanna Framsýnar og þar með samfélagsins alls. Þú hefur unnið þitt starf af árvekni og ódrepandi eljusemi og vonandi fáum við sem allra lengst að njóta þinna krafta. Takk fyrir allt."

Þann 1. maí 2024 var Aðalsteinn Árni gerður að heiðursfélaga í Framsýn. Með honum á myndinni er Ósk Helgadóttir varaformaður félagsins sem afhendi honum viðurkenninguna.

Það var mikill heiður að starfa með þessum sem og öðrum frábærum starfsmönnum í Aðgerðinni. Aðalgeir Þorgrímsson verkstjóri og Þráinn Kristjánsson sem sá um lifrarbræðsluna fyrir FH. eru hér að taka stöðuna.

Verður ekki eilífur í starfi

Það er farið að síga vel á seinni hluta viðtalsins og talið berst að framtíðinni. Á aðalfundi Framsýnar þann 3. maí sl. var Aðalsteinn Árni endurkjörinn formaður Framsýnar til næstu tveggja ára.

„Ég er í fullu fjöri getum við sagt og eldmóðurinn er enn til staðar. Auðvitað er maður farinn að huga að starfslokum, það segir sig sjálft. Ég er þakklátur fyrir það traust sem aðalfundurinn sýndi mér með því að kjósa mig til áframhaldandi forystu og sömuleiðis er ég hrærður vegna þessarar heiðursviðurkenningar.

Ég hef verið afar lánsamur með samstarfsfólk, sem er áreiðanlega lykillinn að öflugu starfi félagsins frá upphafi. Eins og gefur að skilja hef ég unnið náið með varaformönnum félagsins, þeim Hauki Haukssyni, Kristbjörgu Sigurðardóttur og Ósk Helgadóttur.

Haukur stoppaði reyndar stutt við sem varaformaður en þær Kristbjörg og Ósk hafa komið að því með mér að móta starfsemi Framsýnar, áður Verkalýðsfélags Húsavíkur. Ósk er í dag varaformaður. Báðar frábærar, ólíkar að mörgu leyti, en með hjartað á réttum stað. Síðast en ekki síst nefni ég fjölskylduna mína, sem hefur fylgt mér í gegnum þetta allt saman sem og samstarfsfólk á Skrifstofu stéttarfélaganna. Með öðrum orðum, það er langt í frá að maður hafi staðið einn og óstuddur í þessu, síður en svo. Ég stend í ævarandi þakkarskuld við stóran hóp fólks, sem hefur hvatt mig áfram. Mín gæfa er að hafa átt marga trausta og trygga vini sem og foreldra sem reyndust mér afar vel og fyrir það er ég afar þakklátur," segir Aðalsteinn Árni Baldursson.

Skrifað undir samning við PCC

Á dögunum náðist samkomulag milli PCC/SA og Framsýnar/Þingiðnar um kjarasamning fh. starfsmanna fyrirtækisins til næstu fjögurra ára. Um þessar mundir eru um 150 starfsmenn á launaskrá hjá fyrirtækinu sem er eitt mikilvægasta fyrirtækið á félagssvæði Framsýnar og Þingiðnar hvað launakjör félagsmanna varðar. Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkanir og samið var um á almenna vinnumarkaðinum fyrr á árinu. Samningurinn gildi frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028. Samningur þessi felur í sér nánara samkomulag um framkvæmd þeirra samninga fyrir félagsfólk Framsýnar og Þingiðnar sem starfar hjá PCC BakkiSilicon hf. Hópur starfsmanna var viðstaddur undirskriftina nú síðdegis. Ekki var annað að heyra en að þeir væru mjög ánægðir með samninginn. Það voru þau Aðalsteinn Árni frá Framsýn, Jónas Kristjáns frá Þingiðn, Tomasz Mayewski og Ingimar Knútsson trúnaðarmenn starfsmanna og Gestur Pétursson forstjóri og Marella Steinsdóttir mannauðsstjóri PCC sem skrifuðu undir samninginn.

STH gengur frá kjarasamningum

Nýlega gengu 11 aðildarfélög BSRB frá kjarasamningum við ríkið og Samband ísl. sveitarfélaga, þar á meðal Starfsmannafélag Húsavíkur. Framsýn hefur hins vegar ekki náð kjarasamningum við ríki og sveitarfélög. Viðræður er í gangi. Þess er vænst að samningar takist í sumar.

Fullt út úr dyrum

Framsýn stóð á dögunum fyrir fjölmennum kynningarfundi um hvalaskoðunarsamning félagsins við Samtök atvinnulífsins. Fundurinn var haldinn í samráði við trúnaðarmann starfsmanna hjá Norðursiglingu, Alberto Delmalo. Skrifað var undir samninginn 24. mars 2024 en hann nær til starfsmanna við hvalaskoðun, það er til þeirra starfsmanna sem vinna hjá hvalaskoðunarfyrirtækjunum á Húsavík. Vitað er að áhugi er fyrir því hjá öðrum stéttarfélögum að taka samning Framsýnar upp á þeirra landssvæðum en hvala- og fuglaskoðun er víða orðin vinsæl afþreying frá sjávarplássum á Íslandi.

Hressir starfsmenn við Skjálfandafljót

Hótel Goðafoss stendur rétt við Skjálfandafljót, það er á einum af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins. Á dögunum óskuðu eigendur og starfsmenn eftir kynningu frá Framsýn á réttindum og skyldum starfsmanna í ferðaþjónustu. Að sjálfsögðu mættu fulltrúar Framsýnar á staðinn og spjölluðu við starfsmenn sem voru mjög fróðleiksfúsir. Eins og áður hefur komið fram er það til mikillar fyrirmyndar þegar stjórnendur fyrirtækja, ekki síst í ferðaþjónustu, biðja um fræðslu sem þessa fyrir starfsmenn.

Mikilvægur styrkur til samfélagsins

Framsýn hefur samþykkt að færa Styrktarfélagi HSN í Þingeyjarsýslum að gjöf kr. 15.000.000,- til kaupa á tækjum og búnaði til að efla starfsemina. Tillaga þess efnis var samþykkt með lófaklappi á aðalfundi félagsins í vor. Hvað gjöfina varðar munar mestu um hjartatæki sem gerir HSN kleift að hafa hjartalækni í hlutastarfi hjá stofnunninni á Húsavík. Nánar verður fjallað um málið síðar en til stendur að afhenda gjöfina á næstu vikum. Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

"Aðalfundur Framsýnar stéttarfélags samþykkir að færa Styrktarfélagi HSN í Þingeyjarsýslum að gjöf kr. 15.000.000,- til kaupa á tækjum og búnaði til að efla starfsemina enn frekar. HSN og Hvammur hafa á að skipa frábæru fagfólki í öllum stöðum. Svo starfsemin megi þrífast áfram um ókomna tíð er mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk hafi aðgengi að fullkomnustu tækjum á hverjum tíma til lækninga og þjálfunar. Með gjöfinni vill Framsýn stéttarfélag undirstrika mikilvægi þess, að íbúar í Þingeyjarsýslum og aðrir þeir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu að halda á hverjum tíma, hafi aðgengi að öflugum heilbrigðisstofnunum. Þannig byggjum við upp sterkt samfélag öllum til hagsbóta."

Við erum tveir úr sveitinni og til í hvað sem er. Tveir miklir höfðingjar hittust á dögunum á Húsavík, Bjarni frá Mánarbakka og Gunnar kenndur við Raufarhöfn, ekki beint skoðanarlausir menn sem gerir tilveruna bara betri.

Framsýn hækkar námskeiðsstyrki

Félagsmenn Framsýnar eiga aðild að öflugum fræðslusjóðum í gegnum þá kjarasamninga sem félagið á aðild að. Þessar greiðslur geta verið allt að kr. 170.000 á ári. Uppsafnaður þriggja ára réttur getur orðið mest kr. 510.000,-. Rétt er að taka skýrt fram að rétturinn byggir á ákvæðum kjarasamninga, hann getur því verið mismunandi milli kjarasamninga. Til viðbótar þessum góða rétti stendur félagsmönnum Framsýnar til boða að fá sérstakan styrk úr Fræðslusjóði Framsýnar kr. 130.000,-. Sumir segja að það sé best að búa í Kópavogi meðan aðrir segja að það sé best að vera félagsmaður í Framsýn. Að sjálfsögðu tökum við heilshugar undir það.



Boðið upp á trúnaðarfræðslu

Stéttarfélögin stóðu fyrir trúnaðarmannanámskeiði á Húsavík í mars. Námskeiðið var sótt en 22 trúnaðarmenn tóku þátt í námskeiðinu, allt frá Víkurskarði til Þórshafnar á Langanesi. Á námskeiðinu var farið sérstaklega yfir almenna vinnuvernd, hlutverk Vinnueftirlitsins, öryggistrúnaðarmanna og sjálfseflingu. Stéttarfélögin leggja mikið upp úr fræðslu til handa trúnaðarmönnum og eru því haldin námskeið á hverju ári.

Glæsileg hátíðarhöld

Fjölmenn hátíðarhöld stéttarfélagsanna sem fram fóru á Fosshótel Húsavík á baráttudegi verkafólks 1. maí fóru virkilega vel fram. Hér má sjá nokkrar myndir sem teknar voru á hátíðarhöldunum, við þökkum kærlega fyrir okkur.

Framsýn styrkir starf Sólseturskórsins

Kór eldri borgara á Húsavík „ Sólseturskórinn „ leitaði fyrir nokkru til Framsýnar með beiðni um stuðning. Kórinn hefur starfað um langt árabil og starfsemi hans verið mörgum kórfélögum mikils virði og gefið margar ánægjustundir. Kórfélagar eru flestir úr Norðurþingi en einnig eru þó nokkrir félagar úr Þingeyjarsveit. Vissulega reyndist Covid kórnum erfitt. Núverandi markmið forsvarsmanna kórsins er að efla kórinn. Meðal annars með því að taka þátt í kóramóti eldri borgara í vor auk fleiri viðburða sem eru til skoðunar. Framsýn hefur ákveðið að styrkja kórinn um kr. 100.000,- um leið og félagið skorar á fyrirtæki, stofnanir og önnur félagasamtök að styðja við bakið á þessu merkilega starfi.

Höfðinglegar móttökur

Starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum fóru í stutta náms- og kynnisferð til Færeyja í lok febrúar. Með í för voru makar starfsmanna. Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um starfsemi verkalýðsfélaga og stöðu verkafólks og sjómanna í Færeyjum auk þess að heimsækja Aðalræðisskrifstofu Íslands í Færeyjum. Sendinefndinni frá Húsavík var alls staðar mjög vel tekið sem full ástæða er til að þakka kærlega fyrir.

Fundað með starfsmönnum Berjaya Mývatn hótel

Það er alltaf til mikillar fyrirmyndar þegar forsvarsmenn fyrirtækja óska eftir kynningum fyrir starfsmenn á kjarasamningum og reglum sem gilda á vinnumarkaði. Nýlega óskuðu forsvarsmenn hótelsins Berjaya Mývatn eftir kynningu frá Framsýn. Starfsmenn stéttarfélaganna brugðust við og heilsuðu upp á starfsmenn hótelsins fyrir helgina sem voru hressir og ánægðir með komandi vertíð en búist er við fjölmörgum ferðamönnum í sumar. Kynningin fór vel fram og lögðu starfsmenn fjölmargar fyrirspurnir fyrir gestina frá Framsýn. Þá notuðu starfsmenn tækifærið og kusu sér trúnaðarmann. Kosningu hlaut Örn Heimir Björnsson en hann gegnir stöðu húsvarðar á hótelinu. Við bjóðum hann velkomin í stóran hóp trúnaðarmanna innan Framsýnar. Það var Aðalsteinn J. Halldórsson starfsmaður stéttarfélaganna sem fór fyrir kynningunni, með þeim á myndinni er Garðar Finnsson Hótelstjóri.

Fullt af nýju fólki

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar kom saman til fundar 20. júní, um var að ræða fyrsta stjórnar- og trúnaðarráðsfundinn eftir aðalfund félagsins sem haldinn var í maí. Það er ánægjulegt til þess að vita að mikill áhugi er fyrir því meðal félagsmanna að taka þátt í öflugu starfi félagsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá nýja fulltrúa í stjórn og trúnaðarráði sem skipað er 28 félagsmönnum. Þetta eru þau Stefán Stefánsson, Sólveig Mikaelsdóttir, Sigfús Hilmir Jónsson, Fanný S Cloé Goupil Thiercelin, Rúnar Þór Jóhannsson, Önundur Kristjánsson, Arnór Elí Víðirsson og Ingimar Knútsson. Auk þeirra eru Birta G. Amlin og Jónas Sævarsson ný í stjórnunarstörfum fyrir Framsýn en þau komust ekki á fundinn að þessu sinni.

Staða félagsfólks Framsýnar góð

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmir árlega kannanir meðal launafólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB með það að markmiði að varpa ljósi á lífskjör launafólks á Íslandi þar með talið fjárhagsstöðu og heilsu. Könnunin var lögð fyrir nú í janúar og óskaði Framsýn eftir að staða félagsfólks þeirra yrði greind sérstaklega. Samkvæmt könnuninni er fjárhagsstaða félagsfólks Framsýnar á heildina litið betri en annars félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Hærra hlutfall félaga í Framsýn eiga mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (66% á móti 57%), geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar (67% á móti 51%) og metur fjárhagsstöðu sína nokkuð eða mun betri en fyrir ári síðan (42% á móti 24%). Einnig er lægra hlutfall félagsfólks Framsýnar sem býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort sem mælir fátækt en það á við um 5% félagsfólks (á móti 11%) og einnig hafði lægra hlutfall þurft fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða hjálparsamtökum. Talsvert mikill munur kom fram á aðstöðu foreldra innan Framsýnar í samanburði við foreldra í öðrum stéttarfélögum. Foreldrar voru spurðir hvort að fjárskortur á síðastliðnu ári hefði komið í veg fyrir að þeir gætu greitt fyrir grunnþætti fyrir börnin sín. Niðurstöður könnunarinnar sýna að lægra hlutfall foreldra í Framsýn en foreldra í öðrum stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB höfðu ekki efni á að greiða kostnað vegna viðburða tengdu skólastarfi (5% á móti 7%), félagslífs barna (5% á móti 16%), nauðsynlegan fatnað (6% á móti 15%) og næringarríkan mat fyrir börnin sín (5% á móti 15%).

Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu.

Auk þess sem fjárhagsstaða félagsfólks Framsýnar mælist almennt betri leiddi könnunin auk þess í ljós að lægra hlutfall Framsýnarfólk býr við slæma andlega heilsu (27% á móti 35%). Mjög ólíkt mynstur kom fram þegar líkamleg heilsa var skoðuð en nokkuð hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar metur líkamlegt heilsufar sitt frekar eða mjög slæmt (27% á móti 18%). Til að gæta hlutleysis var Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu beðin um að taka þessa samantekt saman. Niðurstaðan er mjög góð fyrir félagsmenn Framsýnar stéttarfélags.

Línurnar lagaðar í Hofi – hvernig tryggjum við stöðuleika til framtíðar

Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir fundi í Hofi á Akureyri í byrjun maí. Megin viðfangsefni fundarins var að taka til umræðu nýgerða kjarasamninga. Það er hvernig aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld sjá fyrir sér hvernig Stöðuleikasamningnum verður fylgt best eftir þar sem stöðugleiki kemur ekki af sjálfu sér. Til að ræða þetta í pallborðsumræðum voru Sigurður Ingi Jóhannsson fjármálaráðherra, Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar, Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags og Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri Kötlu DMI og varaformaður SA þátttakendur í pallborðinu undir stjórn Sigríðar Margrétar Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa og Vilborg Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Bravo ehf. og kaupmaður í Centro á Akureyri, voru auk þess með hugvekjur um stöðu mála á vinnumarkaði og framtíðarsýn. Fundurinn var í alla staði áhugaverður og var formaður Framsýnar ánægður með fundinn. Líflegar umræður urðu um viðfangsefnið.



Styrkir úr sjúkrasjóði hækkaðir til félagsmanna

Þar sem rekstur Framsýnar gekk mjög vel á síðasta ári var ákveðið á aðalfundi félagsins að hækka bætur og styrki til félagsmanna úr sjúkrasjóði félagsins. Á síðasta ári fengu félagsmenn greiddar tæpar 100 milljónir í sjúkradagpeninga og aðra styrki er tengjast heilsueflingu eða veikindum þeirra. Styrkupphæðir til félagsmanna Framsýnar úr sjúkrasjóði og reyndar fræðslusjóði líka eru með þeim bestu sem þekkjast hjá sambærilegum stéttarfélögum á Íslandi.

Breytingarnar sem taka gildi 1. maí 2024 eru eftirfarandi:

- Útfararstyrkur til aðstandenda eldri félagsmanna hækki úr kr. 150.000,- í kr. 160.000,-.
- Styrkur til félagsmanna vegna dvalar á heilsuhælum/Hveragerði hækki úr kr. 110.000,- í kr. 120.000,-.
- Fæðingarstyrkur til félagsmanna hækki úr kr. 160.000,- í kr. 200.000,-.
- Ættleiðingastyrkur til félagsmanna hækki úr kr. 160.000,- í kr. 200.000,-.
- Þurfi félagsmenn að gangast undir tæknifrjóvgun hækki styrkurinn úr kr. 160.000,- í kr. 200.000,-.
- Krabbabeinsskoðun taki smávægilegum breytingum. Áfram greitt fyrir hefðbundna skoðun að fullu. Heildarstyrkurinn verði kr. 40.000,- á ári til félagsmanna.
- Styrkur vegna heilsueflingar félagsmanna hækki úr kr. 40.000,- í kr. 45.000,-.
- Þátttaka í ferðakostnaði félagsmanna vegna veikinda, það er þurfi þeir að ferðast til Akureyrar eða Reykjavíkur til lækna eða sérfræðinga, verði aukin um eina ferð. Fari úr þremur ferðum í fjórar.
- Þátttaka í göngugreiningu félagsmanna verði aukin úr kr. 6.000,- í kr. 10.000,-.
- Þátttaka vegna Laser eða augnsteinaaðgerða hækki úr kr. 60.000,- í kr. 80.000,- per auga.
- Gleraugnastyrkur til félagsmanna hækki úr kr. 70.000,- í kr. 90.000,-.
- Heyrnartækjastyrkir til félagsmanna hækki úr kr. 100.000,- í kr. 125.000,- per eyra.

Reglur varðandi úthlutun styrkja úr sjúkrasjóði halda sér áfram sem taka m.a. mið af greiddu félagsgjaldi síðustu mánuði fyrir umsókn.
Rétt er að taka skýrt fram að þessar breytingar eiga einnig við um félagsmenn Þingiðnar þar sem félagið notast við sömu reglugerð og Framsýn.

Unnið að endurbótum á sumarhúsi STH

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að því endurbæta sumarhús Starfsmannafélags Húsavíkur á Eiðum ásamt nokkrum öðrum húsum sem eru í eigu aðildarfélaga BSRB. Skipt verður um ofna í sumarhúsi STH þar sem tengja á hitaveitu inn í húsið, nýjum gluggatjöldum verður komið fyrir að hluta, komið verður fyrir heitum potti og nýjum rafmagnsmæli. Kostnaður félagsins hleypur á nokkrum milljónum. Orlofssjóður félagsins mun fjármagna verkefnið. Verklok eru áætluð síðar í þessum mánuði og mun húsið fara í útleigu til félagsmanna 1. júlí. Vonir eru bundnar við að hægt verði að lengja leigutímann fram á haustið eftir breytingarnar enda verður húsið eins og nýtt eftir framkvæmdirnar.

Góð þátttaka í kaffiboði Framsýnar

Framsýn stóð fyrir kaffiboði laugardaginn, 1. júní, í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Um er að ræða árvissan viðburð sem notið hefur töluveðra vinsælda meðal bæjarbúa. Um 130 manns komu og þáðu kaffi, konfekt og tertu sem Kvenfélagið á Raufarhöfn lagði til. Auk þess að snæða góða tertu gafst heimamönnum tækifæri á að ræða við formann og varaformann félagsins um allt milli himins og jarðar en þeir voru á staðnum. Sá mikli höfðingi Helgi Ólafsson varð 95 ára þann 31. maí. Í tilefni af því færði Aðalsteinn Árni honum blómvönd frá Framsýn. Með þeim á myndinni er eiginkona Helga, Stella Þorláksdóttir. Ástæða er til að þakka heimamönnum fyrir komuna og aðstoðina við kaffiboðið.

Gjöf til Tónlistarskóla Húsavíkur

Nýlega færði Framsýn, Tónlistarskóla Húsavíkur, að gjöf kr. 100.000,- til kaupa á hljóðfærum fyrir skólann um leið og félagið þakkaði nemendum og kennurum skólans fyrir framlag þeirra til hátíðarhaldanna á Húsavík þann 1. maí 2024.



Baráttan um flugið heldur áfram

Framsýn stéttarfélag mun halda áfram að berjast fyrir flugsamgöngum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Því miður hafa samtöl við þingmenn kjördæmisins skilað litlum árangri, reyndar virðast þeir vera gjörsamlega áhugalausir. Vegagerðin hefur þó hlustað og nú stendur til að bjóða út flugleiðina

Reykjavík - Húsavík - Reykjavík eftir því sem best er vitað í þrjá mánuði á ári í þrjú ár. Það er yfir vetrarmánuðina, des-jan-feb. Vegagerðin hefur gefið út að skila þurfi inn tilboðum rafrænt í þessa flugleið fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 2. júlí 2024 og að útboðið verði auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Framsýn hefur þegar sett sig í samband við Innviðaráðuneytið og óskað eftir fundi með ráðherra um málið með það að markmiði að tryggja flugsamgöngur milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Jafnframt hefur Framsýn verið í góðu sambandi við forsvarsmenn Norðurþings um aðkomu þeirra að málinu. Þeir hafa tekið því mjög vel og stefna að sameiginlegum fundi um málið með ráðherra.

Sérsniðin eignastýringa-þjónusta fyrir þig

Einkabankaþjónusta Íslandsbanka býður upp á persónulega langtíma fjárfestingar- og eignastýringaráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila. Símanúmer Einkabankaþjónustunnar er 440-4999.

Islandsbanki.is/einkabanki